



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

Hafnarfjarðarkaupstaður
b.t. Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

Kópavogi, 28. nóvember 2013
1311503/240.06 PM

Efni: Ósk um samstarf

Til bæjarstjóra Garðabæjar og Hafnarfjarðar

Í skýrslu framtíðarhóps SSH um samstarf safna, dags. 21. september, er m.a. fjallað um rekstur héraðsskjalasafna. Í niðurstöðu hópsins segir: Ekki eru gerðar tillögur um sameiningu héraðsskjalasafna á svæðinu en þó eru dregnir fram kostir og gallar við samstarf sveitarfélaga um rekstur þeirra. Komi til þess að t.a.m. Garðabær og eða Hafnarfjörður taki ákvörðun um stofnun héraðsskjalasafns er lagt til að kannað verði til hlítar að reka slíkt í samstarfi nærliggjandi sveitarfélaga.

Mér bréfi þessi er þess farið á leit að skipaður verði starsfhópur fulltrúa frá Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, sem hafi það verkefni að leggja frekara mat á kosti þess að sveitarfélögin reki sameiginlega héraðsskjalasafn.

Í frekari vinnu verði m.a. unnin kostnaðaráætlun við rekstur sameiginlegs safns og lagt mat á fjárhagslegan ávinning af samstarfi sveitarfélaganna. Þá verði lagt mat á til samanburðar kostnað sveitarfélaganna við skjalavörslu til framtíðar án héraðsskjalasafns.

Virðingarfyllst,

Ármann Kr Ólafsson
bæjarstjóri

Hafnarfjarðarbær
Innk: 2.12.2013
Málsnr: 1105500
Bréfal: 032.2

